

112. fundur

haldinn í Kjarna þriðjudaginn 02. apríl kl. 10:00

Fundarmenn

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, formaður
Sæþór Gunnsteinsson, varaformaður
Jóna Björg Hlökkversdóttir, aðalmaður
Hlynur Snæbjörnsson, aðalmaður
Margrét Bjarnadóttir, varamaður

Starfsmenn

Guðjón Vésteinsson, skipulagsfulltrúi
Helga Sveinbjörnsdóttir, byggingarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Helga Sveinbjörnsdóttir

2. Þeistareykjavegur syðri - ósk um framkvæmdaleyfi - 1902017

Tekið fyrir að nýju erindi sem barst frá Val Knútssyni, f.h. Landsvirkjunar þann 11. febrúar 2019 varðandi umsókn um framkvæmdaleyfi vegna lagningar á Þeistareykjavegi syðri í Þingeyjarsveit. Jafnframt er óskað eftir leyfi fyrir efnistöku úr opinni námu á Þeistareykjum, námu ÞRN-2. Meðfylgjandi gögn er yfirlit af fyrirhuguðum vegi, kennisnið ásamt teikningu af fyrirhuguðum tímabundnum vegslóða.

Landsvirkjun hyggst hefja framkvæmdir við Þeistareykjaveg sumarið 2019 og er áætlaður verktími 3 sumur. Sumrin 2019 og 2020 verður unnið að uppbyggingu vegar en sumarið 2021 verður lagt efra burðarlag og bundið slitlag. Uppbygging nýs vegar er á 17,15 km löngum kafla. Um er að ræða veg í vegflokki C7 skv. flokkun Vegagerðarinnar.

Framkvæmdasvæðið er í landi Þeistareykja í Þingeyjarsveit og Grímsstaða í Skútustaðahreppi.

Áætlað er að nota alls 250.000 m³ úr námu ÞRN-2 á Þeistareykjum. Annað efni er áætlað að komi úr námum í Skútustaðahreppi.

Erindinu var frestað á 110.fundi skipulagsnefndar þar til kynningarferli á breytingu deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar er lokið og því er erindið tekið fyrir að nýju.

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur kynnt sér matsskyldu framkvæmdar og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Skipulags- og umhverfisnefnd tekur undir niðurstöður í álit Skipulagsstofnunar varðandi umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar. Nefndin leggur til að við útgáfu framkvæmdaleyfis verði sett eftirfarandi skilyrði í samræmi við álit Skipulagsstofnunar:

Tryggja þarf að framkvæmdir auki ekki eyðingu gróðurs á svæðinu og öll gróðursár verði grædd upp strax að framkvæmdum loknum.

Ef votlendi verður raskað þarf að endurheimta a.m.k. jafnstórt votlendissvæði og það sem

raskast.

Með vísan til 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er gætt að því að fylgt sé ákvæðum náttúruverndarlaga. Umsótt framkvæmd hefur verið umhverfismetin og ekki er óvissa um áhrif framkvæmdar. Framkvæmd fer um svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Skipulags- og umhverfisnefnd vísar til þess að málsmeðferð samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga varðar framkvæmdaleyfisumsóknir, óháð því hvort mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram. Umrædd framkvæmd hefur að hluta fengið ítarlega málsmeðferð við umhverfismat áætlana og umhverfismat framkvæmdar. Álit Skipulagsstofnunar er að hluti framkvæmdarinnar sé ekki líklegur til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Málsmeðferðin hefur að áliti skipulags- og umhverfisnefndar hvílt á því markmiði að forðast óþarfa rask á eldhraunum, þó í því ljósi að slíkt rask sé nauðsynlegt vegna markmiða að baki framkvæmd og gróðurfars- og jarðfræðilegum staðháttum við Þeistareykjasvæðið.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að umsókn Landsvirkjunar vegna lagningar Þeistareykjavegar syðri verði samþykkt þegar breytt deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar hefur öðlast gildi. Þegar breytt deiliskipulag hefur öðlast gildi eru lagaskilyrði til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 uppfyllt. Jafnframt verði skipulagsfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við fyrirbyggjandi drög að framkvæmdaleyfi, reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og einnig 13. -16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

254. fundur

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 11. apríl kl. 13:00

Fundarmenn

Arnór Benónýsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Hlynur Snæbjörnsson, Hanna Jóna Stefánsdóttir og Ásvaldur Ævar Þormóðsson.

Starfsmenn

Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri

Fundargerð ritaði: Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri

2. liður fundargerðar; Þeistareykjavegur syðri, ósk um framkvæmdaleyfi - 1902017

Sveitarstjórn hefur kynnt sér matsskyldu framkvæmdar og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og bókun Skipulags- og umhverfisnefndar og samþykkir umsókn um lagningu þeistareykjavegar syðri þegar breytt deiliskipulag þeistareykjavirkjunar hefur öðlast gildi og felur skipulagsfulltrúa í framhaldinu að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við fyrirbyggjandi drög að framkvæmdaleyfi, reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og einnig 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.